

Efni: Annar fundur umhverfisnefndar Þelamerkurskóla 30. nóvember 2009

Mættir voru fulltrúar nefndarinnar sem eru; Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 9. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Sesselja Ingólfssdóttir starfsmaður mötuneytis skólans, Unnar Eiríksson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjupjálfi og fulltrúi foreldra Sigríður Svavarsdóttir Auðnum. Sigríður Guðmundsdóttir er formaður nefndarinnar og Unnar Eiríksson ritari.

Formaður setti annan fund nefndarinnar og bauð fólk velkomið. Sigríður sýndi bréf frá Landvernd þar sem Þelamerkurskóli var boðinn velkominn í verkefnið Skóli á grænni grein. Í þessu bréfi frá Landvernd kom meðal annars fram að þegar skólinn telur sig hafa náð þeim markmiðum sem stefnt er að er send greinargerð til Landverndar og þeir senda síðan úttektaraðila í skólann. Ef úttektaraðili gefur grænt ljós á það sem búið er að gera í skólanum fær skólinn Grænfánann.

Formaður sagði einnig að flokkun á rusli gengi yfirleitt mjög vel en auðvitað þyrftu allir að vanda sig, bæði starfsmenn og nemendur. Kom það fram hjá fulltrúum nemenda í nefndinni að flokkun á rusli í sumum skólaflokkum væri ábótavant og lögðu þau til að ruslatunnur sem væru í stofum yrðu fjarlægðar. Ákveðið var að fjarlægja tunnurnar ekki strax heldur ræða þetta mál fyrst við kennara og biðja þá um að fylgjast betur með flokkuninni. Einnig var ákveðið að Unnar og Sigga færu í bekk og ræddu þetta mál við nemendur. Ef flokkunin lagast ekki í stofunum eftir þetta tiltal þá að fjarlægja tunnurnar.

Einnig kom það fram á fundinum að kynna mætti verkefnið betur fyrir foreldrum/ forráðamönnum nemenda og fara betur yfir það af hverju við erum að flokka rusl.

Húsvörður spurði hvernig flokka ætti gler því það væru ekki sérstakir dallar fyrir það. Ákveðið var að bæta við glerflokkanarlátum. Sverrir húsvörður sagði einnig frá því að það væri kominn stærri flokkunargámur úti og umgengni um þá væri góð.

Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 11. janúar 2010 kl. 10.00.

Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundarritari.